



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Skagafjörður, 24. mars 2021
nr. erindis 2103128 SIS

Á 958. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar 24. mars 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Samráð; Drög um breytingu á reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 10. mars 2021 þar sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 74/2021, "Drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda". Umsagnarfrestur er til og með 24.03.2021.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhuguð drög að breytingu á reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Neytendur eiga skýlausan rétt til aðgangs að upplýsingum um matvæli eins og innihaldslýsingu, næringargildi, ofnæmis- og óþolsvalda, upprunaland o.fl. Það er ekki neytendum í hag að bjóða upp á rafrænar lausnir eins og þær sem lagðar eru til hér í stað þess að fá framangreindar upplýsingar með skýrum og greinargóðum hætti á umbúðum matvæla sjálfra. Með fyrirhuguðum breytingum er verið að draga úr aðgangi neytenda að lögboðnum upplýsingum og dregið úr neytendavernd. Þvert á móti ættu breytingar á reglugerð að snúast um að styrkja rétt neytenda til upplýsinga um matvæli hvað varðar t.d. frumuppruna, kolefnisspor o.fl.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar lýsir sig andvíggt fyrirhuguðum breytingum.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Sigtús Ingi Sigfússon

sveitarstjóri



Skagafjörður
Sveitarstjóri